

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Grindavíkurbæ.

#### 1. gr.

Grindavíkurbær innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarféluginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla samþykktar um fráveitur í Grindavíkurbæ nr. 140/2015.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera eftifarandi:

Einbýlis-, par- og raðhús	(á hverja íbúð)	169.033 kr.
Fjölbýlishús	(á hverja íbúð)	50.710 kr.
Annað húsnæði	(hver tenging)	185.936 kr.

Gjöld þessi taka breytingum miðað við byggingarvísitölu í maí 2015 sem þá var 123,2.

#### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema sem hér segir:

- a. Fasteignir skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.  
0,10% af álagningarstofni.
- b. Fasteignir skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.  
0,25% af álagningarstofni.
- c. Fasteignir skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.  
0,20% af álagningarstofni.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

Árlegt rotþróargjald skal vera 20.000 kr. Gjalddagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenju mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemí sannarlegum kostnaði við verkið.

#### 5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjöldin má taka lögtaki í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögeðsréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann 9. júní 2015 og sett með vísan til 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, með síðari breytingum og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni sam-

Nr. 565

10. júní 2015

þykktar um fráveitur í Grindavíkurbæ nr. 140/2015. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi, frá sama tíma, gjaldskrá nr. 286/2004 og gjaldskrá nr. 287/2004.

*Grindavík, 10. júní 2015.*

**Róbert Ragnarsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2015